Reykjavík, 7. október 2026
VEL26100011

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Framlenging samnings um samræmda móttöku flóttafólks

Lagt er til að samþykkt verði að framlengja þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og húsnæðismálaráðuneytis um samræmda móttöku flóttafólks um eitt ár eða til 31. desember 2027. Þá er jafnframt lagt til að fjöldi flóttafólks sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu á grundvelli samningsins verði 1.500.

Greinargerð:

Heildarfjöldi þeirra sem fá þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks á öllu landinu í september 2026 er 2.491. Þar af er um helmingur frá Úkraínu og tæplega fjórðungur börn. Spár gera ráð fyrir fækkun á næsta ári þannig að fjöldinn verði á bilinu 900-1700 manns. Heildarfjöldi þeirra sem fá þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks hjá Reykjavíkurborg var þann 4. október sl. 1.363, þar af 257 börn.

Samtals hefur Reykjavíkurborg þjónustað 5.510 einstaklinga í samræmdri móttöku frá 1. janúar 2021 en það ár hófst tilraunaverkefni milli Reykjavíkurborgar og félagsmálaráðuneytisins um samræmda móttöku flóttafólks. Upphaflegur samningur gerði ráð fyrir að Reykjavíkurborg þjónustaði 500 flóttamenn en síðari framlengingar samningsins gerðu ráð fyrir nokkurri fjölgun. Árið 2024 var gerður nýr samningur milli aðila sem gilti til sex mánaða með heimild til framlengingar til sex mánaða til viðbótar eða til 31. desember 2024, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á þessum tíma var unnið að endurskoðun á fyrirkomulagi samræmdrar móttöku sem byggði á gagnrýni sveitarfélaganna um flókna umsýslu við samninginn. Samningurinn frá 2024 hefur verið framlengdur þrisvar sinnum frá gerð hans, nú síðast með 3. viðauka sem kveður á um að hann gildi til 31. desember 2026 og taki til þjónustu 1.800 einstaklinga sem hafa fengið stöðu flóttamanns.

Í tillögu þessari er lagt til samningurinn verði framlengdur til eins árs eða til 31. desember 2027 og taki til þjónustu við 1.500 einstaklinga. Er það í samræmi við áætlaðan fjölda flóttafólks í Reykjavík árið 2027. Samningsviðaukinn fyrir árið 2027 er með sömu útfærslu og viðaukinn 2026. Greiðslufyrirkomulag verður áfram með sama hætti og verið hefur, þar sem greitt er mánaðarlega fyrir þá sem eru í virkri þjónustu. Einnig verður stuðningur Vinnumálastofnunar áfram með sama hætti og nú er.

Reykjavík

Fylgiskjöl:

Drög að IV. viðauka við þjónustusamning Reykjavíkurborgar og félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um samræmda móttöku.

Þjónustusamningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks, febrúar 2024, ásamt viðaukum.

Kostnaðarmat vegna samræmdrar móttöku flóttafólks.

Reykjavík